

list án
landa-
mora
2012



Landnám á Lapplandi

Ég horfi á eigin landamæri. Landamærin eru blá að lit, sýnileg og hulin.

Á meðan ég þurrka á mér fæturna virði ég fyrir mér landamærin á ristinni. Ég hef ekki hugmynd um hvað landið heitir, það er eins og hólf innan markalína. Hvar værum við stödd án landamæra? Týnd. Án landamæra væru vegabréf óþörf.

Landamæri á korti geta verið skemmtileg. Ítalía er eins og stígvél, Japan er sæhestur, Noregur og Svíþjóð eru samrýmdir tvíburar sem erfitt er að þekkja í sundur.

Ég er ekki góð í landafræði og man lítið eftir að hafa verið í landafræðitímum. Datt út, numin á brott til annarra landa. Vandræðalegt að muna ekki heiti á borgum á raunverulegum ferðalögum, sérstaklega ef ég væri forseti. Þá færi ég á stíft landafræðinámskeið eða hefði persónulega aðstoðarkonu með BA gráðu í sögu og landafræði. Ég myndi líka hanna búning. Landakortabúning og vera í hinum eina sanna alheims þjóðbúningi. Að nema nýtt land á eigin líkama er gert með því að skerpa á eigin landamærum með tússi. Ókeypis húðflúr. Ef fólk er með óljós æðalinulandamæri þá er hægt að skoða línurnar innan í lófunum. Hjartalína og liflína, línur þvers og kruss. Við erum sköpuð og getum skapað líf og list með og án landamæra.

Hér á landi hefur listsköpun fatlaðs fólks verið mjög blómleg og ýmsir listamenn komið fram á vegum Listar án landamæra. Nýlega hefur fatlað fólk á Íslandi uppgötvað fötlunarlist. Hún á rætur sínar að rekja til mannréttindabaráttu fatlaðs fólks. Dæmi um verk í anda fötlunarlistar er leikritið **The Normal Show** sem ég skrifaði og vann í samvinnu við Fjöllistahóp 2011.

(Hreinn er að æfa senu í leikritinu Hamlet. Hann heldur á höfuðkúpu).

Hreinn: Að vera eða að vera ekki... vera! Það er spurningin?

Erla: Hreinn, hvað ertu eiginlega að gera?

Hreinn: Ég er að æfa mig fyrir inntökuprófið, í leiklistaskólann.

Erla: Heldur þú, að þú getir komist inn í leiklistaskólann?

Hreinn: Já, auðvitað. Ef hurðin er ekki læst.

Erla: Nei, ég meina, heldur þú að fatlað fólk geti sótt um?

Hreinn: Ekki vandamálið. Það er búið að skrifa undir samninginn, það var sko 2007.

Erla: Samninginn, hvað ertu að meina? Ertu á leið til Hollywood?

Hreinn: Samning Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sjáðu bara Samninginn.

(Erla les hluta af 24. gr. um menntun).

Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar án mismunar og að allir hafi jöfn tækifæri. Koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar og í 5. lið segir:

„Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi til jafns við aðra.“

(Erla lítur upp og réttir honum aftur Samninginn).


Erla: Það er ekki nóg. Það á eftir að fullgilda hann.

Hreinn: Ekki málið. Ég held bara áfram að æfa mig fyrir inntökuprófið í maí. Þeir verða búnir að fullgilda mig. Ekki vandamálið.

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, fötlunarlistarkona.



Ísak Óli Sævarsson er listamaður Listar án landamæra 2012 Verk hans prúða allt kynningarefni hátíðarinnar



Ísak er 23 ára gamall og var greindur með einhverfu fjögurra ára að aldri. Hann býr með foreldrum sínum og systkinum í Reykjavík og er auk þeirra umkringdur um 400 plastfígúrum sem eiga sér fyrirmyndir í myndasögubókum, s.s. Strumpum, Barbapabba fjölskyldunni, Skófólkinu, karakterum úr Tinnabókunum ofl. Hann hóf snemma að teikna og síðar mála þessa karaktera, sem mynda heildstæðan og skýran heim í lífi hans, innan þess heims sem hann og við flest upplifum.

Ísak Óli útskrifaðist af starfsbraut fyrir fatlaða frá Fjöllbrautaskólanum í Garðabæ árið 2009, þar sem honum gafst kostur á að þroska list sína og hefur síðan sótt námskeið í myndlist í Myndlistarskóla Reykjavíkur.

Í nýlegum verkum sínum á sýningunni í Norræna Húsinu tekst Ísak Óli á við „alvöru“ persónur; fólk sem hann hefur tekið ástfóstri við og hefur, vitandi eða óafvitandi, orðið hluti af nauðsynlegri reglufestu í daglegu lífi hans.

Þannig þróast list hans smám saman yfir í að verða persónulegri og áhorfandinn kynnist því nánar hugarheimi listamannsins. Ísak Óli þroskast þannig stöðugt sem listamaður og listin þroskar hann sem einstakling.

Birta Guðjónsdóttir, myndlistarmaður og sýningarstjóri.

Félög í stjórn hátíðarinnar:

Landssamtökin Þroskahjálp, Hitt Húsið, Fjölmennit, Átak, félag fólks með þroskahömlun, Öryrkjabandalag Íslands, Bandalag íslenskra listamanna og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Fulltrúar í stjórn hátíðarinnar eru:

Ásta Sóley Haraldsdóttir, Friðrik Sigurðsson, Jenný Magnúsdóttir, Helga Gísladóttir, Aileen Svendsdóttir, Edda Björgvinsdóttir og Ingólfur Már Magnússon. Margrét M. Norðdahl er framkvæmdastýra hátíðarinnar og Gunnar Helgi Guðjónsson er starfsmaður hátíðarinnar.

Forsíðumynd: Ísak Óli Sævarsson
Grafísk hönnun: Undralandið



listanlandamaera.blog.is



Bandalag
íslenskra listamanna



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM



HITT HÚSIÐ
MIÐSTÖÐ UNGS FÓLKS



FJÖLMENNT
FJÖLMENNTUNARFRÉTTI - FJÖLMENNT

Suðurnes
Höfuðborgarsvæðið
Austurland
Norðurland
Sólheimar og Akranes

3
4-12
13-14
15-16
17-18

FRÍTT er á
alla viðburði
hátíðarinnar
og eru allir
velkomnir.

Suðurnes

Á Suðurnesjunum fer fram öflugt lista- og menningarstarf og engin undan-
tekning er í málefnum fatlaðra og hjá Björginni geðræktarmiðstöð Suðurnesja.
List án landamæra fékk styrk frá menningasjóði sveitafélaganna á Suðurnesjum
til að efla starfið enn frekar. Hátíðin hefur fest sig í sessi hjá Suðurnesjabúum sem
taka nú þátt í fjórða sinn.

19. APRÍL, FIMMTUDAGUR

Geðveikt kaffihús Bjargarinnar

Tími: 13-16 (1-4)
Svarta Pakkhúsið Reykjanesbæ

Geðveikt kaffihús á vegum Bjargarinnar,
geðræktarstöðvar Suðurnesja. Þar er
hægt að kaupa sér sjúklega gott kaffi
og geðveikt meðlæti.

Samsýning

Tími: 13-17 (1-5)
Svarta Pakkhúsið Reykjanesbæ

Samsýning listamanna sem sýna verk sín
sem unnin hafa verið með blandaðri
tækni á undanförunum árum.
Sýningin er opin alla daga til 26. apríl
frá kl. 13-17 (1-5).

Handverksmarkaður

Tími: 13-17 (1-5)
Svarta Pakkhúsið Reykjanesbæ


Hér verða saman með handverks-
markað einstaklingar úr Björginni,
geðræktarmiðstöð Suðurnesja og
Hæfingarstöðinni, dagþjónustu fyrir
fólk með fötlun. Falleg listaverk sem
verða bæði til sölu og sýnis.

5. MAÍ, LAUGARDAGUR

Sviðslist – söngur, leikur, gleði

Tími: 14 (2)
Frumleikhúsið Vesturbraut 17

Söngur, leikur og gleði. Hópur sem
hefur verið í leiklist og á söngæfingum
í vetur hjá Miðstöð símenntunar sýnir
afrakstur sinn.



Höfuðborgarsvæðid

17. APRÍL, ÞRIÐJUDAGUR

Skáklist án landamæra í Læk

Tími: 13-15 (1-3)

Lækur, athvarf Rauða krossins,
Hörðuvöllum 1, 220 Hafnarfjörður

Skákfélag og Skákakadema Reykjavíkur sameinast um að halda fyrsta skákmótið í athvarfinu við Lækinn.

18. APRÍL, MIÐVIKUDAGUR

Opunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur

Tími: 17:30 (hálf 6)

Ráðhús við Reykjavíkurtjörn
101 Reykjavík

Kynnar eru sjónvarpskonan Steinunn Ása Þorvaldsdóttir og leikkonan Kristín Þóra Haraldsdóttir

Jón Gnarr borgarstjóri setur hátíðina

Katrín og Elsa

Söngkonurnar Katrín Guðrún Tryggvadóttir og Elsa Waage syngja „Fyrir ofan regnbogann“ og „Söng Önnu“. Ari Agnarsson leikur undir á píanó

Valur Geislaskáld les ljóð

Valur er hirðskáld Listar án landamæra

Pálmi trommari

Pálmi Sveinsson er ungur og upprennandi tónlistarmaður. Hann ber húðir fyrir okkur ásamt trúbadornum Garðari Garðars.

Krummi

Sævar Sigbjarnarson áttæður eldri borgari á Fljótsdalshéraði og Elfar Þór Guðmundsson 6 ára nemandi í leikskólanum Tjarnarlandi flytja ljóðið „Krumma“ eftir Davíð Stefánsson Theódóra Lind Thorarensen starfsmaður Stólpa, túlkar sönginn ásamt honum krumma, en þau komu fljúgandi saman að austan.

Margrét Lára Þórarinsdóttir er stjórnandi hópsins.
Þau eru fulltrúar verkefnisins *Betri bær* – List án landamæra á Austurlandi.

Tara Þöll Danielsen Imsland

Söngkonan Tara Þöll Danielsen Imsland er á leið í EUROSONG söngvakeppnina á Írlandi í júní. Hún flytur hér keppnislagið „Bad Romance“.



Grímur trommari

Listahópurinn Grímur úr Hinu húsinu syngur og leikur um Grím Trommara sem fann frið og ró með því að leika á trommur. Grímur sýnir mikla sjálfbjargarviðleitni þegar trommurnar hans eru teknar af honum og leikur í staðinn á það sem hann finnur í umhverfinu og sinn eigin líkama.

Elva Dögg Gunnarsdóttir uppistandari

Elva Dögg er ófeimin við að gera grín að sjálfri sér, öllum kækjunum sem hún er með og lífinu almennt.

Bjöllukórinn og Retro Stefson

Í Bjöllukórnum eru 12 hljóðfæraleikarar sem stunda tónlistarnám við Tónstofu Valgerðar. Bjöllukórinn var stofnaður 1998 og hefur komið víða fram. Bjöllukórinn var handhafi Kærleikskúlunnar 2010. Retro Stefson er frábær hljómsveit sem vert er að kynna sér. Þau spila um allan heim og gáfu nýverið út plötuna Kimbabwe.



Þrívídd í Ráðhúsi Reykjavíkur

Sauðkindur, risavaxið hrafns-
hreiður, þrívíður útsaumur og
figúrur úr gífsi

Tími: 17:30 (hálf 6)
Ráðhús við Reykjavíkurtjörn
101 Reykjavík
www.listanlandamaera.blog.is

Hæfileikaríkt listafólk af öllu landinu sýnir þrívíða myndlist í Ráðhúsinu. Þar má meðal annars rekast á 63 sauðkindur, hrafnshreiður, þrívíðan útsaum og lífsins tré. Sýnendur vinna að list sinni í Ásgarði, Gylfaglöt, Sólheimum, Fjölbrautar-skólanum í Garðabæ, Fjölmennt, Bjarkarási, Lækjarási og á Egilsstöðum. Sýningin er opin á opnunartíma Ráðhússins og stendur til 28. apríl.



Háð og spottar

Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík
www.gerduberg.is

Hermann B. Guðjónsson sýnir smyrnuð veggverk í Boganum. Þjóðkunnar persónur eru Hermann hugleiknar. Eftir að Hermann lét af störfum hefur hann sinnt fjölbreyttu handverki. Hann rýjar, heklar, smíðar og hnýtir net. Verkin á sýningunni eru smyrnuð veggteppi, þ.e. unnin með sérstakri nál sem notuð er til að draga garnspotta í gegnum grófan stramma sem úr verður loðinn rýjaáferð. Hermann teiknar gjarnan frægar persónur upp á strammann svo úr verða heillandi skopmyndir af þekktum einstaklingum úr þjóðfélaginu svo sem stjórnmálamönnum. Teppin eru fest á fagurlega skreyttan trélista sem Hermann smíðar og sker út sjálfur. Sýningin er opin virka daga kl. 11-17 og kl. 13-16 um helgar. Athugið að lokað er um helgar í júní. Sýningin stendur til 22. júní.

19. APRÍL, FIMMTUDAGUR

SUMARDAGURINN FYRSTI

Skjaldarmerkið hennar Skjöldu

Atli Viðar Engilbertsson sýnir í Hafnarborg

Tími: 15 (3)
Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði
www.hafnarborg.is

„Allt er þá er þrennt er, en það fjórða fullkomið“.

Á sýningunni má finna einstök verk Atla unnin í fjölbreyttan efnivið. Atli Viðar er afkastamikill fjöllistamaður og hefur meðal annars samið tónlist og ritverk og sýnt verk sín víða þar á meðal á Safnasafninu.

Meðal verka á sýningunni er þrívíð pappafjölskylda og nýtt skjaldarmerki Íslands.

Sýningin stendur til 29. apríl.



20. APRÍL, FÖSTUDAGUR

Hlutskipti/Hugskeyti

Tími: 13 (1)
Vin, Hverfisgata 47, 101 RVK
www.redcross.is/vin

Myndlistarmennirnir Guðmundur Brynjólfsson og Óskar Theódórsson taka höndum saman og sýna verk sín í Vin. Báðir hafa þeir sýnt víða á ólíkum vettvangi og unnið lengi að list sinni. Óskar gerir marbrotnar myndir af fólki og Guðmundur er expressiónískur og litaglaður. Sýningin stendur í tvær vikur.

21. APRÍL, LAUGARDAGUR

Hönnun fyrir börn


Tími: 13 (1)
Handverk og Hönnun,
Aðalstræti, 101 RVK
www.handverkhonnun.is

Á sýningunni má sjá einstaka hönnun fyrir börn. Tréleikföng, púðar, mjúkar verur og annað skemmtilegt. Hlutirnir eru hannaðir og unnir hjá Ásgarði, í Gylfaflöt, lðjubergi og á Sólheimum í Grímsnesi. Sýningin stendur til 16. maí.

Við suðumark

Tími: 15 (3)
Listasalur Mosfellsbæjar, Kjarna
www.kristing.is, www.bokmos.is

Listakonurnar Elín S. M. Ólafsdóttir og Kristín Gunnlaugsdóttir leiða saman hesta sína í Listasal Mosfellsbæjar. Þær sýna teikningar, málverk og útsaum í striga. Verk beggja eru kraftmikil og tjáningarrík. Sýningin stendur til 7. maí. Opíð er alla virka daga frá 12:00 - 18:00, miðvikudaga frá 10:00 - 18:00 og laugardaga frá 12:00 - 15:00.



Skemmtidagskrá Átaks

Tími: 13 - 17 (1-5)
Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5,
101 RVK
www.lesa.is

Athugið að inngangur fyrir hjólastóla er um port Hafnarstrætismegin.

Átak er kröftugt félag fólks með þroska-hömlun. Þau standa fyrir skemmtidagskrá í Hinu húsinu; tónlistaratriði, upplestur og hljómsveitinar Plútó og Hraðakstur bannaður skemmta gestum. Sérstakir sendiherrar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kynna sáttmálan. Hægt verður að kaupa hressingu og njóta skemmti- og tónlistardagskrár.



Björgunin við Látrabjarg Sýning með sjónlýsingu í Myndasafn Þjóðminjasafnsins

Tími: 15 (3)
Þjóðminjasafn Íslands,
Suðurgata, 101 RVK
www.thjodminjasafn.is

Breski togarinn Dhooon strandaði undir Geldingssskorardal í miklu óveðri þann 12. desember 1947 og hófust þá miklar björgunaraðgerðir. Þær stóðu yfir í um þrjá daga og nær allir bændur í grendinni unnu að björguninni. Þrír skipverjar höfðu druknað áður en björgunarmenn höfðu sigið niður bjargið en 12 sem eftir voru lifandi var öllum bjargað. Ári síðar gerði Óskar Gíslason heimildarmynd um björgunina. Á meðan á tökum stóð strandaði togarinn Sargon og náði Óskar myndum af þeirri björgun og notaði í heimildamyndinni. Hún var frumsýnd árið 1949. Á sýningunni eru ný prent eftir myndum Óskars Gíslasonar sem hann tók við gerð heimildamyndarinnar. Á sýningunni verður í fyrsta sinn gerð sjónlýsing fyrir blinda sem er hluti af viðleitni Þjóðminjasafns Íslands til að auka aðgengi fyrir alla.



22. APRÍL, SUNNUDAGUR

Tilraunastofa

Tími: 12
Myndlistaskólinn í Reykjavík
Hringbraut 121, 2. hæð
www.myndlistaskolinn.is

Sýning á verkum Ólafíu Mjallar Hönnudóttur, Hjördísar Árnadóttur, Huldu Magnúsdóttur, Eddu Heiðrúnar Backman og Sonju Sigurðardóttur í anddyri Myndlistaskólans. Nemendur hafa stundað nám í skólanum undir leiðsögn myndlistarmannsins Margrétar H. Blöndal síðustu misserin. Nemendur eiga allir við ýmis konar hreyfihömlun að etja sem aftrar þeim þó ekki í listsköpun sinni. Kveikju verkanna er jafnt að finna í hversdagsleikanum og í verkum annara listamanna og finnur hver og einn þá leið sem honum hentar við útfærslu sína. Sýning er opin til 7. maí á opnunartíma skólans.

Blint Bió í Bió paradís

Tími: 16 (4)
Bió Paradís, Hverfisgata, 101 RVK
www.bioparadis.is, www.blind.is

Frítt er á sýninguna líkt og aðra viðburði Listar án landamæra. Miðar fást á sýninguna hjá Bió Paradís frá 19. apríl.

Blint bió er samstarfsverkefni Listar án landamæra, Blindrafélagsins og Bió Paradísar. Sýnd verður myndin Hetjur Valhallar með sjónlýsingu fyrir blinda og sjónskerta. Sjónlýsingarhandritið er unnið sérstaklega fyrir þessa sýningu og verða sjóntúlkarnir viðstaddir sýninguna og túlka hana jafnóðum fyrir gesti. Hérna geta fjölskyldur og vinir komið saman og notið sýningarinnar við sama borð. Hetjur Valhallar er fyrsta íslenska teiknimyndin í fullri lengd. Ævintýra- og hasarteiknimynd byggð



á sögu Friðriks Erlingssonar í leikstjórn Óskars Jónassonar ásamt Toby Genkel og Gunnari Karlssyni, teiknuð af Caoz. Bíó Paradís sýnir nýjar áhugaverðar kvikmyndir frá öllum heimshornum auk hverskyns eldri mynda erlendra sem innlendra, hýsir kvikmyndahátíðir og stendur fyrir fjölbreyttum kvikmyndatengdum viðburðum. Reglulegar sýningar á perlum kvikmyndanna fyrir börn og unglinga fara fram í húsinu, þar sem markmiðið er að efla þekkingu og menntun á þessari mikilvægu listgrein. Blint bíó er unnið með stuðningi Barnamenningarháttáðar.

23. APRÍL, MÁNUDAGUR

Skáklíst án landamæra í Vin

Tími: 13 (1)
Vin, Hverfisgata 47, 101 RVK
www.redcross.is/vin

Skáklíst Vinjar stendur fyrir skemmtilegu móti þar sem áhugafólk um skák er þvítíkt velkomið. Boðið verður upp á kaffi og með því í hléinu en tefldar verða sex umferðir með sjö mínútna umhugsunartíma. Verðlaun fyrir efstu sætin og happdrætti, allir eiga möguleika á vinningi.

24. APRÍL, ÞRIÐJUDAGUR

Ásgeir Valur

Tími: 17 (5)
Samtökin '78 Laugavegur 3,
101 Reykjavík

Ásgeir Valur er hæfileikaríkur listamaður. Hann hefur m.a. málað dýrasta málverk í heimi og sýnt í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ásgeir vinnur verk sín með olíu og akrýl á striga og pappír. Sýning stendur til 12. maí og er opin á opnunartíma samtakanna.




25. APRÍL, MIÐVIKUDAGUR

Lækjarlitir

Tími: 14 (2)
Café Aróma, Verslunarmiðstöðin
Flórður, Fjarðagata 13 – 15,
220 Hafnarfirði
www.redcross.is/laekur

Á sýningu Lækjar verða sýnd myndlistarverk sem voru unnin í Læk á síðastliðnum vetri. Hluti verkanna voru unnin undir leiðsögn Ásu Bjarkar Snorradóttur myndlistarkonu og Ólafs Oddssonar sem kennt hefur tálgun í við. Sýnd verða olíumálverk og vatnslitamyndir. Einnig verða sýndir hlutir sem gerðir hafa verið úr þæfðri ull og tálgaðir í við.

Sýnendur eru Smári Eiríksson, Kristinn Þór Elíasson, Svava Halldórsdóttir, Jónína Guðmundsdóttir, Guðrún Guðlaugsdóttir, Gyða Ólafsdóttir, Sigríður Ríkey Eiríksdóttir, Hrafnhildur Sigurbjartardóttir og Þóroddur Jónsson. Sýningin stendur til 9. maí og er opin á opnunartíma kaffihúsins Café Aróma.



26. APRÍL, FIMMTUDAGUR

Nál og hnifur

Útsaumsmyndir Guðrúnar Bergsdóttur og útskurðarverk Gauta Ásgeirssonar

Tími: 15 (3)

Torg. Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgata, 101 RVK
www.thjodminjasafn.is

Í Þjóðminjasafni Íslands er að finna fjöldann allan af listilega gerðum útsaumsverkum frá fyrri tímum. Guðrún Bergsdóttir býr til listaverk með nál, þræði og striga. Útsaumsverk hennar einkennast af sterkum hrynjanda lita og forma sem verða til samhliða vinnunni við útsauminn. Gauti Ásgeirsson vinnur verkin sín í tré. Hann sker út stórar figúrir og minni hluti af mikilli list og færni – en útskurður á sér mjög langa hefð meðal þjóðarinnar, eins og sjá má á öllum þeim fjölda útskorinna gripa sem finna má í safninu. Sýningin stendur til 13. maí 2012.

Átta heimar

Tími: 15 (3)

Gangur. Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgata, 101 RVK
www.thjodminjasafn.is

Sýning á verkum Inga Hrafns Stefánssonar, Guðmundar Stefáns Guðmundssonar, Halldóru Jónsdóttur, Sigurðar Reynis Ármannssonar, Grétu Guðbjargar Zimsen, Ásgeirs Ísaks Kristjánssonar, Gauta Árnasonar og Ólafs Þormars. Undanfarin ár hefur skólinn í samvinnu við símenntunarmiðstöð Fjölmenntar boðið upp á vinnustofu þar sem þátttakendur hafa unnið sjálfstætt að listsköpun sinni með aðstoð myndlistarmannanna Kristins G. Harðarsonar og Gerðar Leifsdóttur. Margir þátttakenda hafa verið í skólanum í sex ár á meðan sumir slógust í hópinn síðastliðið haust. Verkefni eru fjölbreytt og gefa áhugaverða innsýn inn í margslungna hugarheima. Sýning er opin til 13. maí 2012.

27. APRÍL, FÖSTUDAGUR

Fötlun og söfn - Málþing í Þjóðminjasafninu

Tími: 12

Þjóðminjasafn, Suðurgata, 101 RVK
www.thjodminjasafn.is

Á síðasta áratug hafa söfn farið að huga meira að aðgengi fyrir fatlaða í sýningum sínum og endurskoðað fyrri sjónarhorn varðandi framsetningu gripa sem tengjast fötlun. List fatlaðra listamanna hefur verið sýndur meiri áhugi og sums staðar hefur verið gert átak í að safna minjum sem snerta líf fatlaðra einstaklinga. Á þessu málþingi verður athyglinni beint að þessum viðhorfsbreytingum og fjallað um ýmsar hliðar fötlunar í samhengi við safnastarf.



28. APRÍL, LAUGARDAGUR

Fólk í mynd

Tími: 15 (3)

Norræna húsið, Sturlugata 5, 101 RVK
www.nordice.is

Áhugavert er að sjá hvernig hópur íslenskra listamanna nálgast portrett hefðina. Þau vinna með fjölbreytta tækni, útfra ólíkum forsendum en að sama viðfangsefni. Um helgar fá gestir að spreyta sig á portrettinu í skemmtilegri smiðju og fá að gera sín eigin portrett undir handleiðslu listamanns. Eitthvað sem hentar allri fjölskyldunni.



Þar verður sjónum beint að okkur, hvaða orð lýsa okkur og hvernig sjáum við okkur.

Sýnendur eru: Aron Kale, Bergþór Morthens, Erla Björk Sigmundsdóttir, Gígja Thoroddsen – GÍA, Hermann Birgir Guðjónsson, Hulda Vilhjálmsdóttir, Ísak Óli Sævarsson, Kristján Ellert Arason, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Sigrún Huld Hrafnisdóttir og Snorri Ásmundsson
Opið er frá 12.00 - 17.00 þriðjudaga – sunnudaga og stendur sýningin til sunnudagsins 13. maí.



29. APRÍL, SUNNUDAGUR

Smiðja – Fólk í mynd

Tími: 12-16 (12-4)

Norræna húsið, Sturlugata 5, 101 RVK
www.nordice.is

Listamaðurinn Magnús Helgason mun leiða nýstárlega smiðju ætlaða allri fjölskyldunni í tengslum við sýninguna Fólk í mynd. Á smiðjunni skoðum við okkur sjálf og myndina af okkur. Smiðjan er opin 12.00-16.00



30. APRÍL, MÁNUDAGUR

Blómstrandi list og söngsveitin Plútó í Fjölmennt

Tími: 17-18:30 (5-hálf 7)
Fjölmennt, Vínlandsleið 14
www.fjolmennt.is

Í Fjölmennt, símenntunar og þekkingarmiðstöð, eru margir við nám í skapandi greinum. Í dag opnar sýning á verkum nemenda í listgreinum og hin frábæra söngsveit Plútó ætla að syngja fyrir gesti og gangandi.

Sýnendur eru: Rut Ottósdóttir, Kristján Kristjánsson, Magnús Ragnarsson, Halldóra María Skowro, Linda Rós Lúðvíksdóttir, Sigríður Hrefna Sigurðardóttir, Halla Kjartansdóttir, Ragnhildur Bjarnadóttir, Dagný Harðardóttir, Ingibjörg Emma Guðmundsdóttir, Ingvar Þór Ásmundsson, Gísli Steinn Guðlaugsson, Björgvin Axel Ólafsson, Lilja Valgerður Jónsdóttir, Andri Guðnason, Gísli Steindór Þórðarson, Ragnar Már Ottósson, Birna Gunnarsdóttir, Edith Thorberg, Hafdís Matthíasdóttir, Anna Sveinlaugsdóttir, María Strange, Elín S.M. Ólafsdóttir, Bjarni Haraldur Sigfússon og Gréta Guðbjörg Zimsen.



1. MAÍ, ÞRIÐJUDAGUR

Geðveikt kaffihús Hugarafls og handverksmarkaður í Hinu húsinu

Tími: 12 - 17 (12-5)
Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 RVK
www.hugarafl.is, www.asgardur.is,
www.solheimar.is

Athugið að hjólastóla inngangur er um port Hafnarstrætismegin!

Á Geðveiku kaffihúsi er kaffið klikkað og baksturinn brjálæðislega góður. Boðið er upp á jákvæðar geðgreiningar og skemmtiatriði. Glæsilegt handverk og listmunir verða til sölu á handverksmarkaði. Iðjoberg, Ásgarður og Bjarkarás bjóða glæsilegar vörur sínar til sölu. Hrós, knús og jákvæðar hugsanir í boði fyrir gesti og gangandi.

2. MAÍ, MIÐVIKUDAGUR

Söngkeppni í Tipp Topp

Tími: Hús opnar kl. 17 (5)
Keppni hefst kl. 19 (7)
Kjallari Hins hússins,
Pósthússtræti 3-5

Athugið að hjólastóla inngangur er um port Hafnarstrætismegin.
www.hitthusid.is

Tipp Topp er opið félagsstarf fyrir fólk með fötlun á aldrinum 16-40 ára. Þau halda nú sína árlegu söngkeppni. Þar verða veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú efstu sætin ásamt ýmsum skemmtilegum aukavinningum fyrir sviðsframkomu og búninga svo eitthvað sé nefnt. Síðasti dagur skráningar í keppnina er miðvikudaginn 25. apríl.



5. MAÍ, LAUGARDAGUR

Tónstofa Valgerðar í Hörpu

Tími: 15 (3)

Harpa

www.harpa.is, www.tonstofan.is

Á tónleikunum leika nemendur Tónstofu Valgerðar. Bjöllukórinn, einleikarar og söngvarar munu flytja íslensk þjóðlög, dægurlög og klassíska tónlist.



Smiðja – Fólk í mynd

Tími: 12-16 (12-4)

Norræna húsið, Sturlugata 5, 101 RVK

www.nordice.is

Listamaðurinn Magnús Helgason mun leiða nýstárlega smiðju ætlaða allri fjölskyldunni í tengslum við sýninguna Fólk í mynd. Á smiðjunni skoðum við okkur sjálf og myndina af okkur. Smiðjan er opin 12.00-16.00

6. MAÍ, SUNNUDAGUR


Smiðja – Fólk í mynd

Tími: 12-16 (12-4)

Norræna húsið, Sturlugata 5, 101 RVK

www.nordice.is

Listamaðurinn Magnús Helgason mun leiða nýstárlega smiðju ætlaðri allri fjölskyldunni í tengslum við sýninguna Fólk í mynd. Á smiðjunni skoðum við okkur sjálf og myndina af okkur. Smiðjan er opin 12.00-16.00



8. MAÍ, ÞRIÐJUDAGUR

Vortónleikar Fjölmenntar í Salnum

Tími: 18-20 (6-8)

Salurinn Kópavogi

www.salurinn.is

Vortónleikar Fjölmenntar í Salnum. Á tónleikunum koma fram nemendur sem stundað hafa tónlistarnám í Fjölmennt í vetur. Dagskráin er fjölbreytt og fram koma einsöngvarar, kórar og hljómsveitir.

Austurland

5. MAÍ, LAUGARDAGUR

Dagskrá í Sláturhúsinu

Tími: 14 (2)
Sláturhúsið Menningarmiðstöð,
700 Egilsstaðir

Betri bær - List án landamæra

Betri bær – List án landamæra er heiti á þróunarverkefni sem byggir á samstarfi leikskólans Tjarnarlands á Egilsstöðum, Félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði og Stólpa- iðju og þjálfun fyrir fatlað fólk. Samstarfið er byggt á þeirri sýn að það sé afar mikilvægt í uppeldi og menntun ungra barna að kenna þeim að bera virðingu fyrir öðru fólki óháð aldri, viðhorfum, kynþætti, uppruna, menningu eða atgervi.



KRUMMI

Krummi var valinn sem viðfangsefni þar sem hann þótti góður samnefari fyrir þessa þrjá ólíku samfélagshópa. Haustönnin var nýtt til að hóparnir kynntust innbyrðis en á vorönn hafa samstarfsaðilarnir unnið að fjölbreyttum krummaverkefnum.

Verkefnastjóri er Bryndís Skúladóttir leikskólakennari í Tjarnarlandi

Heimildamyndin Betri bær – List án landamæra

Heimildamynd gerð af Sigurði Ingólfs-syni og Ólöfu Björk Bragadóttur. Hún fjallar um verkefnið og tildrög þess og verður sýnd meðan á hátíðinni stendur.

Krummakórinn, krummakvartett og krummadans

Nemendur leikskólans Tjarnarlands, félagar frá eldri borgurum og starfsmenn Stólpa túlka krumma í dansi, hreyfingu og söng. Auk þess sýnir hópurinn brúðuleikhús og skuggaleikhús um krumma.

Myndlistarsýningar


Sýnd verða verk frá Betri bær - list án landamæra í samvinnu við starfsbraut ME, sýndar verða útfærslur af krummalistaverkum, t.d. bútasaums-teppi, krummalaupur, endurvinnslulist og útilistaverkið Krummahöllin. Krummalaupurinn fer einnig á opnunaráttíðina í Ráðhúsinu 18. apríl. Auk þess verða til sýningar verk nemenda Ólafar Bjarkar Bragadóttur sem hún hefur verið með á vegum Fjölmenntar og PNA og verk nemenda frá leikskólanum Skógarlandi.

Ljósmyndasýningar

Sýningin Rökkurró eftir Ingimar Skúlason menntaskólanema og samsýning Friðriks Halldórssonar og Önnu Kristínar Magnúsdóttur.

Hlið við Hlið

Hlið við hlið hönnunarverkefni er samstarfsverkefni Anne Kampp leirlistakonu og Stólpa þar sem listakonan útfærir teikningar frá starfsmönnum Stólpa á leirlistaverk.



Ýmsar sýningar

Sýning á verkum nemenda Starfs-
endurhæfingar á Austurlandi.
Nokkrir félagar frá Myndlistarfélagi
Fljótsdalshéraðs sýna verk sín.
Félagar frá geðræktarmiðstöðinni
Ásheimum sýna afrakstur vetrarins.
Nemendur úr fimleikadeild Hattar
sýna listir sínar í umsjón Auðar Völu
Gunnarsdóttur.

Söngatriði

Fram koma Vigdís Diljá Óskarsdóttir
nemandi við Menntaskólann á
Egilsstöðum en hún vann Barkann
söngvakeppni framhaldsskólanna
á Austurlandi 2012, Valný Lára nemandi
í Hallormsstaðaskóla ásamt fleirum.

Krummakaffi

Kvenfélagið Bláklukkur verður með
kaffi og meðlæti til sölu á meðan á
sýningunni stendur.




5. MAÍ, LAUGARDAGSKVÖLD

Kvölddagskrá í Sláturhúsinu

Tími: 19:30 (hálf 8)
Sláturhúsið Menningarmiðstöð,
700 Egilsstaðir

Hvílíkt snilldarverk er maðurinn!

Einleikur eftir Sigurð Skúlason,
leikara og Benedikt Árnason, leik-
stjóra byggður á höfundaverki
Williams Shakespeare í þýðingu
Helga Hálfðánarsonar og leikstjórans
Benedikts Árnasonar.



24. MAÍ, FIMMTUDAGUR

Fólk í mynd

Sýning á portretmyndum Arons
Kale verður opnuð í Sláturhúsinu
fimmtudaginn 24. maí kl. 17.00 og
stendur til 10. júní. Við opnun
sýningarinnar verður stutt skemmti-
dagskrá þar sem fulltrúar Krumma-
kórsins koma fram og Elva Dögg
Gunnarsdóttir uppistandari frá
Reykjavík. Myndir Arons verða einnig
sýndar í Norræna húsinu á List án
landamæra.



Norðurland



2. MAÍ, MIÐVIKUDAGUR

Miðjan/ Medio

Tími: 14 (2)
Menningarmiðstöð Þingeyinga,
Stórigarður 17, 640 Húsavík

Sýning í listasalnum á 1. hæð á mosaikverkum eftir notendur Miðjunnar. Miðjan er hæfingarmiðstöð sem hefur það meðal annars að markmiði að efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklings og viðhalda og auka þá færni sem einstaklingurinn hefur náð. Verkin eru úr öllum áttum og miðast við og endurspeglar getu og áhuga hvers listamanns fyrir sig en listamennirnir eru um 15 talsins.

3. MAÍ, FIMMTUDAGUR

Opnunarhátíð Listar án landamæra á Norðurlandi

Tími: 14 (2)
Hof, 600 Akureyri

Soffía Lárusdóttir framkvæmdastjóri Búsetudeildar Akureyrarbæjar setur hátíðina.

Tónlist

Þátttakendur í tónlistarnámskeiði Fjölmenntar koma fram undir stjórn Láru Sóleyjar Jóhannsdóttur. Birgitta Móna Danielsdóttir, Birkir Valgeirsson, Davíð Brynjólfsson, Elma Stefánsdóttir, Erla Franklín, Grétar Sigtryggsson, Heiða Rósa Sigurðardóttir, Helgi Jóhannsson, Herborg Vilhjámsdóttir, Karel Heiðarson, Kristjana Larsen, Gunnlaug Óladóttir, Magnús Jóhannsson, Pétur Sigurður Jóhannesson, Sveinn Bjarnason, Sveinn Skarphéðinsson og Esther Berg Grétarsdóttir.

Mjallhvít og dvergarnir sjö

Leikhópur Fjölmenntar sýnir leikritið „Mjallhvít og dvergarnir sjö“. Leikstjóri er Saga Jónsdóttir. Leikendur eru Anna Ragnarsdóttir, Elma Stefánsdóttir, Heiða H. Bergsson, Jón Óskar Ísleifsson, Kristín Björnsdóttir, Kristín Ólafsdóttir Smith, María Dröfn Einarsdóttir, Nanna Kristín Antonsdóttir, Sölvi Víkingsson og Vignir Hauksson.

Ljóðalestur

Sungið með Jóni og Jónabandi. Lag og ljóð Jóns Hlökkvers Ásgeirssonar tónskálds „List án Landamæra“ frumflutt. Lagið „Sjálfbjargarhvöt“ eftir Jón Hlökkver leikið og sungið sem og lagið „Vorið græna“. Ásamt Jóni verða þau Hjalti Jóns og Lára Sóley Jóhannsdóttir honum til halds og trausts.

ZUMBA með Evu Reykjalin

Skógarlundur og Fjölmennt í Hofi

Tími: 14 (2)
Hof, 600 Akureyri

Nemendur Fjölmenntar hafa unnið verkin á sýningunni á námskeiðum í myndmennt, tálgað í tré og málað á keramik. Sýnendur eru Heiða H. Bergsson, Telma Axelsdóttir, Bára Hrafnhildur Ásbjörnsdóttir, María Dröfn Einarsdóttir, Símon



Reynisson, Elma Stefánsdóttir, María Gísladóttir, Sævar Örn Bergsson, Snæbjörg Eva Svansdóttir, Jón Kristinn Sigurbjörnsson, Magnús Ásmundsson, Sigfús Jóhannesson, Pétur Pétursson og Matthías Ingimarsson. Skógarlundur sýnir fjölbreytt myndverk unnin af notendum á deild skapandi starfs. Þema verkanna er fólk í öllum sínum margbreytileika og eru verkin unnin á striga, úr ull, leir og á pappír. Þáttakendur eru: Aðalbjörg Baldursdóttir, Áslaug Ásgeirsdóttir, Áslaug E.Árnadóttir, Baldvin SteinnTorfason, Birkir Valgeirsson, Christian Bjarki Rainer, Davíð Brynjólfsson, Esther Berg Grétarsdóttir, Edvin Steingrímsson, Kristbjörg H. Jóhannesdóttir, Karel Heiðarsson, Lára Magnúsdóttir, Gunnhildur Aradóttir, Guðmundur Þorvaldsson, Guðmundur Bjarnason, Elísabet E.Hannesdóttir, Skarphéðinn Einarsson og Sævar Bergsson.



Margt býr í manningum - Geðveggurinn

Tími: 14 (2)
Penninn/Eymundsson,
göngugatan Akureyri
Lýkur: 6. maí

Höfundur: Ragnheiður Arna Arnarsdóttir, sálfræðinemi og geðverndarsinni

Ragnheiður fer ótroðnar slóðir í því að vekja upp umræður um geðsjúkdóma. Á geðveggnum í Pennanum skoðar hún þekkt fólk og geðsjúkdóma.

5. MAÍ, LAUGARDAGUR

Ull og endurvinnsla

Tími: 14 -17 (2-5)
Árgata 12, Snæland. Húsavík

Notendur Geðræktarmiðstöðvarinnar Setursins sýna og selja listmuni sem þeir hafa unnið í vetur. Endurvinnsla og ull, auk ýmissa annarra muna. Sýnendur eru notendur Setursins á Húsavík og Sólsetursins í Mývatnssveit. Auk þess munu notendur eins og fyrri ár vera með kaffisölu í kaffihúsi sínu Café Maníu, sem er í sama húsnæði og Setrið.

10. OG 11. MAÍ, FIMMTUDAGUR OG FÖSTUDAGUR

Opið hús og myndlistasýning í Skógarlundi

Tími: 9:30-15:30 (hálf 10 – hálf 4)
Skógarlundur, hæfingarstöð, Akureyri
www.hlutverk.is, facebook:
Hæfingarstöðin við Skógarlund

Fjölmargir sýna myndverk og listmuni unnin sérstaklega fyrir list án landamæra, ásamt því að opið er inná verkstæði og hægt að kynna sér starfsemi Skógarlunda, hæfingarstöðvar.

19.MAÍ, LAUGARDAGUR

Sámur smámunavörður

Tími: 15 (3)
Smámunasafnið Eyjafirði
Facebook: Geðlist

Hópurinn Geðlist afhjúpar nú þriðja vörðinn sinn í Smámunasafninu í Eyjafirði. Áður hafa þau gert skógarvörð í Kjarnaskógi og safnvörð á Safnasafninu. Verðirnir eru einstakir og vinsælir af heimafólki og ferðafólki. Höfundar Sáms smámunavarðar eru Finnur Ingi Erlendsson, Vilhjálmur Ingi Jóhansson og Ragnheiður Arna Arnarsdóttir.

Sólheimar

19. APRÍL, FIMMTUDAGUR

Kardimommubærinn – Leikfélag Sólheima

Tími: 15 (3)

Sólheimar, Grímsnesi

www.solheimar.is

Leikfélag Sólheima er eitt af elstu áhugaleikfélögum landsins og samanstendur af heimilisfólki, starfsmönnum og börnum úr nágrenni Sólheima. Þetta árið fékk félagið góðfúslegt leyfi Þjóðleikhússins til að setja upp Kardimommubæinn. Leikstjóri er Þórný Björk Jakobsdóttir.

Akranes

21. APRÍL, LAUGARDAGUR

Sýning á Bókasafni Akraness

Tími: 11-14 (11-2)

Dalbraut 1, 300 Akranes

Sýningin verður opin á afgreiðslutíma safnsins kl. 10-18 virka daga fram til 28. apríl 2012.

Myndlistaskólinn á Akranesi

Myndlistaskólinn á Akranesi var stofnaður í október 2011 af Þóreyju Jónsdóttur og Önnu Leif Elíadóttur. Hann er staðsettur í húsinu Fróðá, á Safnasvæðinu á Akranesi. Markmið skólans er að stuðla að markvissu myndlistarnámi fyrir íbúa Akraness og nágrennis. Nemendurnir sem sýna verk sín á þessari sýningu eru á aldrinum 6-16 ára. Verkin hafa verið unnin á vorönn 2012 eru þau jafn fjölbreytt og þau eru mörg.



Smári Jónsson

Smári er frístundalistmálari, félagi í Félag frístundamálara og er búinn að stunda nám við Myndlistaskóla Mosfellsbæjar undanfarin þrjú ár. Smári er búinn að halda tvær einkasýningar og taka þátt í samsýningum.

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi hefur í samstarfi við Fjölmennit símenntunar og þekkingarmiðstöð fatlaðra staðið fyrir námskeiðum í leiklist, kvikmyndagerð og Listasmíðju á Akranesi og í Borgarnesi. Verk þátttakenda á vorönn 2011 og haustönn 2012 verða á sýningunni.

Gaman-saman

Verkefnið Gaman-saman hófst á Akranesi vorið 2009. Að verkefninu standa Frístundamiðstöðin Þorpið, Frístundaklúbburinn og Rauði kross Akraness. Kjarni verkefnisins er að leiða saman ólíka hópa barna, þ.e. með og án fötlunar, af erlendum og innlendum uppruna. Boðið er upp á skipulagt tómstundastarf þar sem þau hafa





„gaman-saman“ og skynja fjölbreytileika mannlífsins sem eðlilegan hlut. Á vorönn Gaman-saman verkefnisins fór fram leiklistar- og myndlistarnámskeið. Um 20 börn á aldrinum 10-14 ára tóku þátt.

Endurhæfingarhúsið Hver

Endurhæfingarhúsið Hver er fyrir alla sem misst hafa hlutverk í lífinu vegna veikinda, slysa eða annara áfalla. Reynt er að bjóða upp á sem fjölbreyttasta dagskrá sem hentar markmiðum þeirra sem sækja staðinn. Margir sem sækja Hver hafa áhuga á ýmiss konar handverki og listsköpun eins og sjá má á sýningunni.

Fjöliðjan

Fjöliðjan veitir þeim sem ekki eiga kost á vinnu á almennum vinnumarkaði atvinnu við sitt hæfi sem auka möguleika á atvinnutækifærum á almennum markaði. Fjöliðjan veitir einnig dagþjónustu fyrir fólk, sem vegna fötlunar, þarf sérhæfða og einstaklingsmiðaða þjónustu, léttu vinnu, þjálfun, umönnun og afþreyingu. Á sýningunni má sjá verk eftir nokkra starfsmenn Fjöliðjunnar.

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Á haustönn 2011 var kenndur áfangi sem kallast VÍD 103. Þetta var áfangi fyrir nemendur á starfsbraut sem og nemendur á öðrum brautum FVA. Nemendurnir unnu saman að gerð stuttmynda. Áhersla var lögð á samvinnu; að nemendur skrifuðu saman handrit, léku, tækju upp á upptökuvél, veldu tónlist við myndina og sæju um klippingu og frágang myndar. Afrakstur þessarar vinnu verður til sýnis.



Takk

Takk fyrir samvinnuna kæra listafólk,
styrktaraðilar, vinir og velunnarar.



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



REYKJANÆSBÆR
reykjanessbaer.is



POKASJÓÐUR



MOSFELLSBÆR



HAFNARFJÖRÐUR



MENNINGARRÁÐ
AUSTURLANDS



FLJÓTSDALSHÉRAÐ



Akkur

Styrktar- og menningarsjóður
vélstjóra og vélfræðinga



Hafnarborg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

JARN&GLER
LISTALAGERINN



AKUREYRARSTOFA



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Ringhotels
www.ringhotels.is
Hótel Egilsstaðir



MENNINGARRÁÐ
EYPINGS

REY
apartments

Minningarsjóður
Fjólu og Lilju Ólafsdætra

